

Hagnýtar upplýsingar fyrir eldri borgara í Stykkishólmi



Félagsleg samvera

Félagsleg samvera og stuðningur er órjúfanlegur og samverkandi þáttu í starfi heimþjónustu. Þáttur sem á að rjúfa einangrun og auka öryggi þeirra sem búa einir og eiga erfitt með að ferðast utan heimilis og hafa tengsl við annað fólk. Þetta er rauður þráður í allri heimþjónustu.

Félagstarf aldraðra

Félagstarf aldraðra að Skólastíg 11 er starfrækt virka daga allan veturinn. Fjölbreytt starf fer þar fram og má þar nefna handverk, lestur, spil og spjall og auk þess er boðið upp á ýmis námskeið yfir vetrartímann svo sem myndlist, smíðar, tungumálanámskeið og matreiðslunámskeið, og einnig gler og leir. Yfir sumartímann er félagstarfið starfrækt tvo til þrjá daga í viku. Allt félagstarf er ókeypis en greitt er fyrir efniskostnað.

Aftanskin félag eldri borgara

Aftanskin félag eldri borgara í Stykkishólmi var stofnað 30.janúar 1983. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda eldra fólks. Aftanskin hefur aðsetur í Setrinu við Skólastíg og þar er opið hús á mánudögum frá kl.10:00-12:00 yfir vetrartímann. Á vegum félagsins er ýmislegt sér til gamns gert, og má þar nefna að spilað er boccia, spiluð félagsvist, sungið er einu sinni í viku yfir vetrartímann, farið í ferðir og fl. Þeir sem hafa áhuga á að gerast félagar komi í Setrið eða hringið í síma 438-1039.

Félagsleg heimþjónusta

Heimþjónusta er fyrir þá sem búa heima, en þurfa aðstoð við heimilishald eða persónulega umhirðu. Starfssvið heimþjónustunnar skiptist í heimþjónustu eitt en í því felst almenn þrif á húsnæði og heimþjónusta tvö felst í almennum þrifum á húsnæði, innkaupaferðum og félagslegum stuðningi. Heimþjónustan er mismikil eftir þörfum hvers og eins eða allt frá tveimur tímum aðra hverja viku upp í 3-4 sinnum í viku. Sækja þarf skriflega um félagslega heimþjónustu á skrifstofur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga eða á Bæjarskrifstofu Stykkishólmsbæjar. Ef einhverjar spurningar vakna eða einhverjir þættir heimþjónustunnar eru óljósir, vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofu eða beint við starfsfólk Félags- og skólaþjónustunnar.

Dagdvöl á Dvalarheimilinu

Dagdvöl er starfrækt á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi. Dvalartíminn er sveigjanlegur eftir þörfum hvers og eins, heill eða hálfur dagur, ákveðnir dagar í viku o.s.frv. Greitt er fyrir dagdvöl skv. reglugerð frá Velferðarráðuneytinu. Upplýsingar eru veittar á Dvalarheimilinu í síma 433-8166.

Heimsendur matur

Matur er sendur heim í hádeginu í Stykkishólmi alla virka daga ársins. Matarskammturinn kostar kr.600. Heimsending er ókeypis. Allir eldri borgarar sem búa í Stykkishólmi eiga möguleika á að kaupa og borða mat í matsal Dvalarheimilisins.

Nánari upplýsingar á dvalarheimilinu í síma 433-8166.

Þvottur

Hægt er að fá þvottinn sinn þvegin og straujaðan á Dvalarheimilinu gegn vægu gjaldi. Upplýsingar á dvalarheimilinu í síma 433-8166.

Önnur þjónusta

Eldri borgarar hafa jafnt sem aðrir rétt til annarrar þjónustu sem stendur til boða fyrir íbúa sveitarfélagsins, s.s. húsaleigubóta, sérstakra húsaleigubóta, fjárhagsaðstoðar, afslátt af fasteignagjöldum o.s.frv. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stykkishólmsbæjar í síma 433-8100.

Heimahjúkrun

Fyrirkomulag heimahjúkrunar

Heimahjúkrun er veitt á svæði heilsugæslunnar alla virka daga frá kl.08:00-16:00. Enn sem komið er, er ekki þjónusta á kvöldin og um helgar nema í sérstökum tilfellum. Hjúkrunarfræðingar annast heimahjúkrun aldraðra.

Umsóknir um heimahjúkrun

Umsóknir um heimahjúkrun geta borist frá einstaklingi sjálfum, ættingja, sjúkrahúsi eða starfsfólki heilsugæslustöðvarinnar. Umsókn þarf ekki að vera skrifleg. Hjúkrunarfræðingur metur þörf fyrir heimahjúkrun m.t.t. fjölda heimsókna og hvað skuli gera.

Hvað felst í heimahjúkrun

Almenn aðhlynning, aðstoð við böðun, lyfjagjafir, lyfjatiltekt, sáraskiptingar, influensu- og lungnabólgusprautur. Eftirlit með næringu, andlegur stuðningur og ráðgjöf varðandi hjálpartæki o.fl.

Gott að vita

Heimahjúkrun er einstaklingi að kostnaðarlausu.

Heimahjúkrun getur ýmist verið tímabundin eða til lengri tíma. Fari einstaklingur að heiman eða aðrar breytingar verða á högum hans, er nauðsynlegt fyrir heimahjúkrun að vita.

Ráðgjöf

Eldri borgarar hafa aðgang að félagslegri ráðgjöf hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins og geta leitað þangað eftir aðstoð varðandi réttindi sín eða mögulega þjónustu hjá heimahjúkrun. Þjónusta við eldri borgara er í stöðugri þróun og markmiðið alltaf að mæta þörfum þeirra er þurfa á henni að halda. Eldri borgarar eru hvattir til að koma með ábendingar og kanna möguleika á aðstoð hvort sem er varðandi almenna þjónustu eða þeirra eigin aðstöðu.

SÍMANÚMER

Dvalarheimilið við Skólastíg	433 8165 og 433 8166
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	433 7800
Heimahjúkrun	432 1200
Félagsstarf eldri borgara	433 8197
Íþróttá- og tómstundafulltrúi	433 8118 og 895 0989
Aftanskin félag eldri borgara	438 1039



GEFIÐ ÚT AF STYKKISHÓLMSBÆ
MAÍ 2011